

# Vikufréttir

Vika 13 (23.03 – 27.03 2020)

## Mánudagur

- ✓ 1 - 3. bekkur er í skólanum í dag.
- ✓ Hópur A er í skólann í dag.

## Þriðjudagur

- ✓ 1 – 3. bekkur er í skólanum í dag.
- ✓ Hópur B er í skólanum í dag.

## Miðvikudagur

- ✓ 1 – 3. bekkur er í skólanum í dag.
- ✓ Hópur A er í skólanum í dag.

## Fimmtudagur

- ✓ 1 – 3. bekkur er í skólanum í dag.
- ✓ Hópur B er í skólanum í dag.

## Föstudagur

- ✓ 1 – 3. Bekkur er í skólanum í dag.
- ✓ Hópur A er í skólanum í dag.

## Annað:

Þá er fyrsta vika samkomubanns senn að enda. Skólastarfið hefur gengið mjög vel þrátt fyrir allar þessar breytingar og takmarkanir. Nemendum finnst þetta auðvitað skrítið en virðast engu að síður taka þessu af æðruleysi. Þeir eru tilbúnir að leggja sitt að mörkum og gera það svo sannarlega. Starfsfólkið hér hefur tekið þessu með samheldni og ganga allir í öll þau störf sem þurfa þykir. Foreldrar hafa sýnt þessu ástandi mikinn skilning og það er greinilegt að við erum öll saman í liði og munum öll standa þetta af okkur. Okkur finnst mjög skrítið að banna foreldrum og gestum að koma

Í skólann okkar þar sem undir öllum venjulegum kringumstæðum eru foreldrar hjartanlega velkomnir, en svona er þetta bara núna.

Við erum mjög sátt með hvernig okkur hefur tekist til hér, við höfum náð að halda 1. -3. bekk í skólanum alla daga. Nemendur í 4. – 10. bekk hefur verið skipt í tvo hópa og mæta þeir annan hvern dag. List-og verkgreinakennarar ásamt íþróttakennurum hafa skipt sér niður á stig þannig þau tilheyra einungis einu stigi.

Smá breyting þarf að verða í næstu viku, þar sem við höfum þurft að fella niður ákveðna tíma eins og t.d val, einnig sem breytingar eru á íþróttatímum og list – og verkgreinar á unglíngastigi eru í fjarkennslu. Vegna þessa þá þjappast taflan meira saman og lýkur skóladegi fyrr. Skólabílar munu því fara kl 13:20 og 13:35 innanbæjar og sveitabílar kl 13:35.

Ef eitthvað er óljós þá hafið þið samband við okkur.

Góða helgi og þakklæti til nemenda, foreldra og samstarfsfólks.

## **Spakmæli:**

„Mælikvarði greindar er möguleikinn til að breytast“ – *Albert Einstein*

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi. Ábm.: Guðdís Jónsdóttir
--